



**64. fundur Stjórnar Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses  
haldinn í Upsa á 3. hæð í Ráðhúsi Dalvíkur, mánudaginn 18. september 2023  
og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Valdís Guðbrandsdóttir, Heiða Hilmarsdóttir og Börkur Þór Ottósson.

**Starfsmenn:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir .

**Fundargerð ritaði:** Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, sveitarstjóri

**Dagskrá:**

**1. 202308030 - Ársreikningur 2022 og endurskoðun**

Farið yfir ársreikning Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses. sem unninn er af KPMG ehf. Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2022 að fjárhæð kr. 12.591.000.- samkvæmt rekstrarreikningi.

*Stjórn Leiguíbúðanna samþykkir ársreikninginn samhljóða með 3 atkvæðum og staðfestir hann með undirritun sinni.*

**2. 202209096 - Fjárhagsáætlun Leiguíbúða DB 2023**

Lagt fram yfirlit yfir bókfærða stöðu Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses. í samanburði við fjárhagsáætlun ársins, dags. 7.september 2023.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. 202308070 - Ársfundur Leiguíbúðar Dalvíkurbyggðar hses 2023**

Til umræðu ársfundur félagsins og boðun hans. Fyrir liggur svohljóðandi tillaga formanns félagsins um breytingu á 6.gr. samþykktu Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses:

Ársfundur skal haldinn fyrir lok október ár hvert.

*Stjórn samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að boða til ársfundar Leiguíbúðanna þann 9.10.2023 kl. 17, staðsetning.*

*Auglýsing um ársfund samkvæmt samþykktum félagsins verði send fulltrúaráði skriflega í síðasta lagi 25.9.2023. Tillaga formanns um breytingu á 6.gr. samþykktu félagsins skal auglýsa í fundarboði ásamt því að kalla eftir tillögum um breytingar á samþykktum og/eða öðrum tillögum ársfundar. Eftirfarandi gögn fylgi fundarboði: Ársreikningur 2022, fundargerðir stjórnar frá síðasta ársfundi og fjárhagsáætlun næsta árs.*

**4. 202309074 - Fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun 2025-2027**

*Farið var yfir fjárhagsáætlun ársins 2024 og þriggja ára áætlun 2025-2027. Stjórn óskar eftir að framsetning áætlunar verði samræmd við framsetningu ársreiknings til þess að auðvelda samanburð. Samþykkt samhljóða með 3 atkvæðum.*

**5. 202210067 - Samningur við Eigna- og framkvæmdadeild Dalvíkurbyggðar**

*Stjórn samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum fyrirbyggjandi drög að þjónustusamning með þeim breytingum sem gerðar voru á fundinum.*

**6. 202210029 - HMS og upplýsingaskylda eigenda almennra íbúða skv. lögum.**

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:05**

---

---

---

---

---

---

---

---